

Tillaga að REKSTRARLEYFI

Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.

Leyfishafi: Bleikja ehf.
Kennitala: 470121-0840
Aðsetur: Laugar, 851 Hella
Rekstrarleyfisnúmer: FE-1208
Leyfið gildir til: x.x.2039

Starfsemi:

AE 1 – Lax / *Salmo Salar*
AE 2 – Regnbogasilungur / *Oncorhynchus mykiss*
AE 3 – Bleikja / *Salvelinus alpinus*
SS 1 – Lax / *Salmo Salar*
SS 2 – Regnbogasilungur / *Oncorhynchus mykiss*
SS 3 – Bleikja / *Salvelinus alpinus*

Í gildi frá:

x.x.2023
x.x.2023
x.x.2023
x.x.2023
x.x.2023
x.x.2023

Landeldi. Hámarkslífmassi 100 tonn. Seiða- og matfiskeldi. Bleikja: Hólar. Laxastofn: StofnFiskur. Regnbogasilungur: Danmörk.

Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar.

Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem missir fisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitafélaga og næstu veiðifélaga.

Rekstrarleyfishafa ber skyldu til að halda skrá yfir uppruna eldislaxa sem byggir á gagnagrunni um erfðaeftirhlut hjá framleiðanda hrognar.

Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og ræktunarsvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.

Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 462/2021 (sem innleiðir reglugerð ESB nr. 2016/429) um smitandi dýrasjúkdóma, með síðari breytingum og ber rekstrarleyfishafa að uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.

Vigdís Sigurðardóttir, fagsviðsstjóri Fiskeldisdeildar